

# Fundargerð 55. fundar

## verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2020, mánudaginn 7. september kl. 10:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Steinþór Þórðarson, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Freyr Ævarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri og Guðjón Bragason sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Vegna mistaka við boðun fundarins var Ína Björk Ársælsdóttir fjarverandi.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 54. fundar - 2009015SA

Fundargerð verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 20. maí sl. lögð fram til samþykktar.

*Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.*

### 2. Breytingar fyrirhugaðar hjá SORPU bs. - 2009110SA

Guðmundur Tryggvi Ólafsson upplýsti um orðnar og fyrirhugaðar breytingar hjá SORPU bs. Breytingar hafa orðið í stjórnunarteymi fyrirtækisins en framundan er að auglýsa starf framkvæmdarstjóra. Gas- og jarðgerðarstöð hefur tekið til starfa, sem er mikilvæg viðbót við starfsemina. Framundan eru frekari breytingar á fyrirkomulagi meðhöndlunar úrgangs og útflutningi úrgangs, sem nú eru í þróun, en markmiðið er að hætta urðun í Álfsnesi. Þessar breytingar munu kalla á aukna flokkun frá heimilum og breytingar á þjónustu. Þessar breytingar verða kynntar nánar með haustinu.

### 3. Frumvarp um urðunarskatt - 2009104SA

Fjármálaráðuneytið hefur unnið drög að frumvarpi um urðunarskatt. Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs og verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála sátu fund um málið þann 29. júní sl. ásamt fleiri hagsmunaaðilum. Ráðuneytið hefur sagt að áframhaldandi samráð verði um málið og hefur sambandið komið á bændingum sambandsins á framfæri sem að mestu leyti byggja annarsvegar á umsögn sambandsins um frumvarp nr. 129/2019 um breytingar á lögum um umhverfis- og auðlindaskatta, dags. 28. ágúst 2019 og hinsvegar á umsögn sambandsins um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2020, dags. 20. október 2019. Þetta mál hefur einnig verið til umræðu í tengslum við gerð samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál.

*Verkefnisstjórn áréttar þá afstöðu að álagning urðunarskatts sé ótímabær og*

óskynsamleg. Ljóst er að verði urðunarskattur lögfestur mun hann leiða til gjaldskrárhækkana hjá sveitarfélögum. Við núverandi efnahagsástand er mikilvægt að ríki og sveitarfélög taki höndum saman um að hækka ekki álögur á íbúa að nauðsynjalausu.

#### **4. Samráð umhverfis- og auðlindaráðuneytisins við sambandið - 2009105SA**

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur leitað eftir samráði um gerð frumvarps um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs og stefnu ráðherra í úrgangsmálum. Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs og verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála hjá sambandinu greindu frá helstu atriðum þeirra funda sem haldnir hafa verið undanfarnar vikur, en þar hefur bæði verið rætt um frumvarpsdrög og áherslur í stefnu ráðherra um meðhöndlun úrgangs, m.a. varðandi aukna sérsöfnun og mismunandi leiðir til gjalddöku. Einnig hefur sambandið aðstoðað við greiningu á kostnaði vegna þeirra breytinga sem leiða munu af frumvarpinu.

Könnun um kostnað við úrgangsmeðhöndlun og fyrirkomulag hennar var send til sveitarfélaga í sl. viku og eru sveitarfélögin hvött til þess að bregðast fljótt við henni. Verkefnisstjórn verður upplýst um þróun málsins á næsta fundi.

#### **5. Greining á þörf fyrir rekstur brennslustöðva fyrir úrgang - 2009109SA**

Í drögum að stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra um meðhöndlun úrgangs, sem verið er að vinna í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, er aðgerð sem miðar að því að greina þörfina fyrir rekstur brennslustöðva fyrir úrgang á Íslandi til framtíðar. Umhverfisstofnun fékk ráðgjafafyrirtækið ReSource International ehf. til að vinna þessa greiningu og hefur fyrirtækið nú skilað drögum til stofnunarinnar.

Birgitta Stefánsdóttir sérfræðingur á sviði loftslagsmála og græns samfélags hjá Umhverfisstofnun kynnti niðurstöður greiningarinnar, sem nær fram til ársins 2045, og svaraði spurningum fundarmanna.

Verkefnisstjórn þakkaði fyrir greinargóða kynningu og svör. Greiningin verður tekin til frekari umfjöllunar í verkefnisstjórn þegar hún hefur verið birt.

#### **6. Samstarf um bættu úrgangstölfræði - 2009106SA**

Verkefnisstjórnin lagði til á fundi sínum 20. maí að verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála hjá sambandinu, Freyr Ævarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson sætu vinnuhóp sambandsins og Umhverfisstofnunar um bættu úrgangstölfræði fyrir hönd sambandsins. Fulltrúar Umhverfisstofnunar eru Steinunn Karlsdóttir, Margrét Bragadóttir og Birgitta Stefánsdóttir. Fundarðgerðir vinnuhópsins frá 2. júní, 9. júní, 23. júní og 30. júní sl. eru lagðar fram til kynningar.

Umhverfisstofnun hefur ákveðið að sækja um styrk til Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) til að vinna að þróun rafræns kerfis til að halda utan um flæði úrgangsstrauma á Íslandi. Styrkumsóknin tengist samtali stofnunarinnar við haghafa um bættu úrgangstölfræði á Íslandi, þ.m.t. úrgangstölfræðihóp sambandsins og Umhverfisstofnunar. Ætlunin er að byggja kerfið upp sem einskona bókhaldskerfi en núverandi kerfi úrgangsstrauma byggir

á skilakerfi.

Birgitta Stefánsdóttir sérfræðingur á sviði loftslagsmála og græns samfélags hjá Umhverfisstofnun sagði frá umsókn stofnunarinnar og svaraði spurningum fundarmanna.

*Verkefnisstjórn telur mikilvægt að þetta verkefni komist í framkvæmd og þakkar fyrir góða kynningu og samstarf um málefnið.*

#### **7. Undirbúningur að nánara samtali við Úrvinnslusjóð um framlengda framleiðendaábyrgð - 2009107SA**

Framkvæmdarstjóri Úrvinnslusjóðs kynnti starfsemi sjóðsins á síðasta fundi verkefnisstjórnarinnar. Í framhaldi af þeirri umfjöllun er í undirbúningi frekara samtal við sjóðinn og umhverfis- og auðlindaráðuneyti um hvernig nýta megi sjóðinn betur sem stjórnæki sem styður við úrgangsstjórnun sveitarfélaga.

*Fulltrúar sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs, Eygerður Margrétardóttir og Bryndís Gunnlaugsdóttir, munu vinna samantekt úr þeim ábendingum sem fram komu á fundi verkefnisstjórnar.*

#### **8. Samræmdar merkingar úrgangstegunda - 2009108SA**

Verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála hjá sambandinu greindi frá vinnu við samræmdar merkingar úrgangstegunda á Norðurlöndum. FENÚR og systursamtök þeirra á hinum Norðurlöndunum koma að þeirri vinnu. Fjármögnun þessa verkefnis hér á landi hefur ekki verið að fullu tryggð en er forsenda þess að hægt verði að ljúka verkefninu.

#### **9. Önnur mál - 2009111SA**

a) Innheimta eftirlitskostnaðar Umhverfisstofnunar

Hrefna B. Jónsdóttir óskaði eftir umræðu um samskipti við Umhverfisstofnun um innheimtu fyrir umfangsmikið eftirlit með starfsemi urðunarstaðarins í Fíflholti. Fleiri rekstraraðilar hafa fengið sambærileg erindi. Fram kom í máli fundarmanna að þörf sé á ítarlegri skýringum með reikningum frá stofnuninni og að jafnframt þurfi að fara fram samtal um hvaða verkþættir og samskipti geti fallið undir eftirlitskostnað.

b) Aðalfundur FENÚR

Verkefnisstjóri minnti á aðalfund FENÚR 28. september kl. 10. Fundurinn verður haldinn í fundasal SORPU bs. í Gufunesi.

Ákveðið var að næsti fundur verkefnisstjórnar verði mánudaginn 5. október kl. 10.30 til 13. Einnig var ákveðið að verkefnisstjórnin fundi 9. nóvember og 7. desember og hefjast þeir fundir báðir kl. 10.

Fundi var slitið kl. 12:30

---

Steinþór Þórðarson

---

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

---

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

---

Freyr Ævarsson

---

Guðmundur Tryggvi Ólafsson